

REGLUR

um samvinnu lögregluembætta.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Reglur þessar gilda um öll lögregluembætti landsins og taka til samvinnu og samstarfs þeirra á milli.

Markmið reglnanna er að efla löggæslu með því að samhæfa og samræma vaktskipulag og almenna löggæslu milli lögregluembættanna, þar sem því verður við komið.

2. gr.

Skipulag samvinnu lögreglu.

Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í landinu í umboði dómsmálaráðherra.

Lögreglustjórar fara með stjórn lögreglu hver í sínu umdæmi og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess. Þeim ber einnig skylda til samvinnu við önnur lögregluumdæmi um samhæfingu og samræmingu vaktskipulags og almennrar löggæslu og að vinna sameiginlega að þeim verkefnum sem ríkislögreglustjórinn felur þeim

3. gr.

Samstarf lögregluembætta.

Eftirtaldir lögreglustjórar eiga samvinnu um samhæfingu og samræmingu vaktskipulags og almennrar löggæslu:

1. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórinn á Suðurnesjum.
2. Lögreglustjórnir á Vesturlandi, þ.e. á Akranesi, í Borgarnesi, á Snæfellsnesi og lögreglustjórinn á Ísafirði.
3. Lögreglustjórnir á Norðurlandi, þ.e. á Akureyri, á Blönduósi, á Húsavík og á Sauðárkróki.
4. Lögreglustjórnir á Austurlandi, þ.e. á Eskifirði og á Seyðisfirði.
5. Lögreglustjórnir á Suðurlandi þ.e. á Hvolsvelli, á Selfossi og í Vestmannaeyjum.

Lögreglustjórar geta komið á viðtækara samstarfi milli lögregluumdæma umfram það, sem fyrir er mælt í 1. mgr.

Einn lögreglustjóri úr hópi þeirra, sem taldir eru upp í 1. mgr. ber ábyrgð á samstarfi og samvinnu lögreglulíðanna gagnvart ríkislögreglustjóra. Lögreglustjórnir ákveða til allt að þriggja ára hver þeirra það er.

4. gr.

Fyrirkomulag samstarfs.

Sá lögreglustjóranna, sem ber ábyrgð á samstarfinu á hverjum tíma, sbr. 3. mgr. 3. gr., gerir ríkislögreglustjóra reglulega grein fyrir því.

Lögreglustjórnir koma sér saman um með hvaða hætti þeir eiga samstarf en þó skulu samráðsfundir haldnir eigi sjaldnar en 4 sinnum á ári. Haldnar skulu fundargerðir um fundina og þær sendar ríkislögreglustjóra.

Lögreglustjórar, sem vinna saman samkvæmt 3. gr., skulu samræma og samhæfa vaktskipulag og almenna löggæslu á milli umdæma með það að markmiði að efla löggæslu. Þar sem þess er kostur skal koma á sólarhringsvakt, sem þjóni lögregluumdæmum eða landsfjórðungi.

Ríkislögreglustjóri getur falið lögreglustjórum að eiga samstarf um einstök verkefni.

Lögreglustjórar, sem vinna saman samkvæmt 3. gr., skulu setja lögregluliðunum sameiginleg markmið til eins til þriggja ára. Markmiðssetning og verkefnaáætlun varðandi samstarf embættanna skal liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl ár hvert og sendast embætti ríkislögreglustjóra.

Haldnar skulu fundargerðir um fundi lögreglustjórana. Þær skal senda ríkislögreglustjóra til kynningar.

5. gr.

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra.

Við framkvæmd samstarfsverkefna skal gæta að samræmingarhlutverki Fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra samkvæmt reglugerð þar um og verklagsreglum ríkislögreglustjóra sem settar hafa verið á grundvelli reglugerðarinnar. Senda skal Fjarskiptamiðstöðinni verkefnaáætlanir um samstarf þegar þær liggja fyrir.

6. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 6. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46 13. júní 2006, öðlast gildi 1. janúar 2007.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. desember 2006.

Björn Bjarnason.

Halla Bergþóra Björnsdóttir.